



11.05.2021

Svar við fyrirspurn íbúaráðs Vesturbæjar
R21010228

Efni : Á fundi íbúaráðs Vesturbæjar þann 20. janúar 2021, lagði ráðið fram svohljóðandi fyrirspurn sbr. 9. lið fundargerðar sama dag:

Óskað er eftir upplýsingum um hvernig staðið var að ákvarðanatökum um að fara í framkvæmdir og hönnun sjóvarnargarða á Eiðsgranda og Ánanaustum, þ.m.t. landfyllingu. Einnig hvort skoðað var hvort framkvæmdirnar gætu tengst öðrum framkvæmdum á svæðinu s.s. gönguleiðum, aðgengi að sjó og mögulega öðru sem á við þegar útivistarsvæði íbúa um ræðir.


Þann 1. desember 2016 var samþykkt í borgarráði að auglýsa breytingu á deiliskipulagi fyrir strandsvæði Eiðsgranda – Ánanaustar. Í þeirri breytingu fólst breikkun á sjóvarnargarði, frágangur göngu- og hjólastíga og áningastaða ásamt fleiru. Athugasemdarfresti lauk 23. janúar 2017 og bærust engar athugasemdir á kynningartímanum. Deiliskipulagið tók gildi með birtingu í B- deild Stjórnartíðinda þann 4. maí 2017.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum, þá liggur ákvörðunarvaldið um nýtingu tekjustofna sveitarfélagsins hjá Borgarstjórn. Því eru ákvarðanir um framkvæmdir um hönnun og endurgerð sjóvarnargarða við Eiðsgranda og Ánanaust teknar af kjörnum fulltrúum í Borgarstjórn. Í lok hvers árs samþykkir Borgarstjórn fjárfestingaráætlanir fyrir næsta ár og í þeim áætlunum er sundurliðaður áætlaður kostnaður við fyrirhugaðar framkvæmdir sem borgarstjórn ákveður að ráðist sé á árinu.

Eftir að verkhönnun og undirbúningur framkvæmda hefur átt sér stað og áður en þær hefjast, eru fyrirhugaðar framkvæmdir kynntar fyrir borgarráði til samþykktar.

Flestar stórfamkvæmdir, líkt og endurgerð sjóvarnargarðanna við Eiðsgranda og Ánanaust, eru auk, þess framkvæmdaleyfis skyldar en framkvæmdaleyfið fær stað í deiliskipulagi frá árinu 2017. Sótt er um framkvæmdaleyfi til skipulagsfulltrúa sem fær upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir og metur m.a. hvort þær séu í samræmi við gildandi skipulag.

Við verkhönnun á öðrum áfanga endurgerðar sjóvarnargarðsins frá JL-húsi til hafnarmarka og verkhönnun vegna stígagerðar og yfirborðsframkvæmda á öllu svæðinu, frá dælustöðinni við Eiðsgranda til hafnarmarka, er hugað að áningarstöðum, útsýnisstað og aðskildum göngu- og hjólastígum, meðfram sjóvarnargarðinum.


Bragi Bergsson,
verkefnastjóri á deild opinna svæða